

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2017

2018/EES/81/10

frá 17. mars 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetyl, Coniothyrium minitans af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófúmesat, fenamídón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfíásat, ímasamox, joðsúlfúrón, ípródíón, ísoxaflútól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxystróbín, silþíófam og tríflóxystróbín ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/952 frá 15. júní 2016 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Saccharomyces cerevisiae* af stofni LAS02, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1424 frá 25. ágúst 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu þífensúlfúrónmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1429 frá 26. ágúst 2016 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
 - „– **32016 R 0950:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 (Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3),
 - **32016 R 0952:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/952 frá 15. júní 2016 (Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 10),

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 10.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 25.⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 1.

- **32016 R 1424:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1424 frá 25. ágúst 2016 (Stjttíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 25),
 - **32016 R 1429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1429 frá 26. ágúst 2016 (Stjttíð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1426):
- „13zzzzzzzo. **32016 R 0952:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/952 frá 15. júní 2016 um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Saccharomyces cerevisiae* af stofni LAS02, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 10).
 - 13zzzzzzp. **32016 R 1424:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1424 frá 25. ágúst 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu þífensúlfúrónmetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 25).
 - 13zzzzzzq. **32016 R 1429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1429 frá 26. ágúst 2016 um samþykki fyrir virka efninu *Bacillus amyloliquefaciens* af stofni MBI 600, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjttíð. ESB L 232, 27.8.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/950, (ESB) 2016/952, (ESB) 2016/1424 og (ESB) 2016/1429, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.